

## REGLUGERÐ

### um (50.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2009 frá 25. apríl 2009 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008 um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxatíns, sem er aukefni í fóðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB.

#### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Um aukefni samkvæmt ofangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) vísast að öðru leyti til 13. gr. reglugerðar nr. 340/2001 og 3. viðauka sömu reglugerðar.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. mars 2010.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 775/2008**

frá 4. ágúst 2008

**um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxatíns, sem er aukefni í fódri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, einkum þriðja málslið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB frá 24. janúar 2003 um breytingu á skilyrðum fyrir leyfi fyrir kantaxantíni í fódri í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup> er kveðið á um skilyrði fyrir leyfi fyrir aukefninu kantaxantíni fyrir tiltekna flokka dýra. Að því er varðar þá flokka, sem falla undir tilskipun 2003/7/EB, kom sú tilskipun í stað þeirra skilyrða fyrir leyfi sem kveðið var á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 <sup>(3)</sup>. Aukefnið var fært inn í skrá Bandalagsins yfir aukefni í fódri sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

2) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar samþykkti matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) álit hinn 14. júní 2007 um hámarksgildi

leifa fyrir kantaxatín í matvælum úr dýrum <sup>(4)</sup>. Í því skyni að taka tillit til viðtekis dagskammts fyrir kantaxantín lagði stofnunin til að hámarksgildi leifa fyrir það efni yrðu fastsett í samræmi við gildin sem gefin eru upp í álitinu.

3) Því skal til samræmis við það fastsetja hámarksgildi leifa fyrir fóduraukefnið kantaxatín, til viðbótar við gildandi skilyrði fyrir leyfi fyrir þetta aukefni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Til viðbótar við þau skilyrði fyrir leyfi sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB skal það hámarksgildi leifa, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, gilda fyrir kantaxatín.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

<sup>(4)</sup> Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fódur um hámarksgildi leifa fyrir kantaxantín í matvælum úr dýrum sem fódur eru með kantaxantíni sem aukefni í fódri. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA Journal) 2007) 507, bls. 1-19.

## VIÐAUKI

EB nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
<b>Litgjafar, að meðöldum litarefnum</b>				
<b>1. Karótenóíð og xantófýll</b>				
E161 g	Kantaxantín	C <sub>40</sub> H <sub>52</sub> O <sub>2</sub>	Alifuglar, þó ekki varphænur	15 mg kantaxantíns/kg lifur (blautur vefur) og 2,5 mg kantaxantíns/kg skinni/fitu (blautur vefur)
			Varphænur	30 mg kantaxantíns/kg eggjarauðu (blautur vefur)
			Lax	10 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
			Silungur	5 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
	3.1 Kantaxantín, leyft til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins		Alifuglar, þó ekki varphænur	15 mg kantaxantíns/kg lifur (blautur vefur) og 2,5 mg kantaxantíns/kg skinni/fitu (blautur vefur)
			Varphænur	30 mg kantaxantíns/kg eggjarauðu (blautur vefur)
			Lax	10 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)
			Silungur	5 mg kantaxantíns/kg vöðvum (blautur vefur)